

# GJALDSKRÁ

## vegna meðhöndlunar úrgangs í Vesturbyggð.

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð skv. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samkvæmt gjaldskrá þessari innheimtir Vesturbyggð gjöld til að standa undir kostnaði við förgun úrgangs, þ.m.t. sorðhirðu, endurvinnslu, sorpeyðingu sem og uppsetningu og rekstur viðkomandi söfnunarstöðva.

### 2. gr.

Sorphirðugjald er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu og er gjaldið 38.649 kr. Innifalið í gjaldinu eru tunnur og losanir í samræmi við 12. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð og tekur gjaldið til:

- a. 1. stk. 240 lítra tunnu fyrir heimilisúrgang sem losuð er á 28 daga fresti í þéttbýli en 21 daga fresti í dreifbýli.
- b. 1. stk. 240 lítra tunnu fyrir endurvinnsluefni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli en 21 daga fresti í dreifbýli.
- c. 1. stk. 120 lítra tunnu fyrir lífrænt efni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli. Þeir aðilar í dreifbýli sem greiða sorphirðugjald geta fengið ílát til moltugerðar.

### 3. gr.

Sorpeyðingagjald er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Gjaldið er 37.546 kr. fyrir íbúðarhúsnæði og 27.286 kr. fyrir sumarhús.

### 4. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar í Vesturbyggð greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá sorphirðuverktaka.

### 5. gr.

Á söfnunarstöðvum Vesturbyggðar skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, má þar nefna pappa, plast og fl. Þá skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á garðúrgangi og óvirkan úrgangi á sérmerktum losunarstöðum í Vesturbyggð.

### 6. gr.

Sorphirðugjald og sorpeyðingagjald skal innheimt með álöggðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjald dagar eru þeir sömu og gjald dagar fasteignagjalda.

### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 366. fundi sínum þann 15. desember 2021. Gjaldskráin er sett skv. 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2022 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir umhverfisgjöld í Vesturbyggð nr. 1456/2020.

Vesturbyggð, 16. desember 2021.

